



Reykjavík, 12. júní 2024

USK24050371

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. maí 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að göngu- og hjólaeið verði lögð meðfram vestasta hluta Hallsvegar (norðan megin vegar). Slík gönguleið myndi tengja íbúabyggð í sunnanverðu Rimahverfi betur við útivistarsvæðið í Gufunesi, sem er fjölsótt af börnum og unglimum í hverfinu. Gönguleiðin liggi frá gangbraut á Hallsvegi þar sem núverandi gangstétt endar, að Strandvegi. Með umræddri gönguleið myndi göngubrunum á umræddri leið fækka og umferðaröryggi aukast. Jafnframt þarf að huga að öruggri gönguleið yfir Strandveg.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 5. júní 2024.

Umsögn:

Slíkur stígur er í samræmi við samþykkt deiliskipulag á svæðinu. Í Aðalskipulagi 2040 er að sama skapi gert ráð fyrir stíg á þessum kafla og undirgöngum eða göngubrú yfir Strandveg. Hvorki stígurinn né undirgöng/göngubrú eru þó á framkvæmdaáætlun hjólaeiðaáætlunar eða annarsstaðar í fjárfestingaráætlun næstu fimm ára.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík